

Landsmót ÆSKP á Selfossi dagana 20-22. október 2017

Skýrsla landsmótsstjóra

Yfirskrift landsmóts var (ó)nýtt landsmót sem minnir okkur á að hver hlutur og hugmynd er auðlind. Það sem er ónýtt í augum eins er nýtt í huga annars. Að endurnýta hluti sem og hugmyndir er til þess fallið að auka verðmæti og á sama tíma sýna virðingu. Ef við sækjumst alltaf eftir einhverju nýju skiljum við aldrei fullkomnlega auðin sem býr í hverjum hlut og því síður það kraftaverk sem jörðin okkar er.

Við horfðum til sköpunarverksins og hvernig við getum varðveitt það sem Guð hefur gefið okkur. Við sem kristnir einstaklingar berum ábyrgð á því að varðveita og viðhalda sköpun Guðs og það er skylda okkar að gera allt það sem í okkar valdi er til að skila jörðinni í betra ásigkomulagi en við tókum við henni.

Á landsmóti horfðum við sérstaklega til matarsóunnar og plastnotkunnar og neikvæðra áhrifa þessa þátta á umhverfið. Stærsta umhverfisváin er plastnotkun manneskjunnar, sem er farið að skaða lífríkið allt í kringum okkur. Einnig er matarsóunin orðin gríðarleg með þeim afleiðingum að eiturgufur leysast út í andrúmsloftið okkar sem skapar heilsuspillandi áhrif á lífríkið. Manneskjan ræktar og framleiðir meiri mat en við náum að neyta í vestrænum samfélögum – þrátt fyrir það deyr fólk úr hungri á ákveðnum svæðum í heiminum. Það er mikið ójafnvægi í vistkerfi okkar sem við þurfum að horfast í augu við og viðurkenna okkar ábyrgð. Samfélagið þarf að breytast, við þurfum að breytast. Neysla okkar hefur áhrif og þess vegna skiptir hvert litla skref sem við tókum til betri vegar – máli. Þetta voru skilaboð sem við vildum koma til skila á landsmóti 2017.

Landsmótsnefndina 2017 skipaði:

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir: Landsmótsstjórar

Jónína Sif Eypórsdóttir: Framkvæmdastjóri ÆSKP

Eva Björk Valdimarsdóttir: Formaður ÆSKP

Katrín Helga Ágústsdóttir: Gjaldkeri, umsjón með skráningu

Konný Björk Jónsdóttir: Umsjón vakta

Sigurður Óskar Óskarsson: Hæfileikakeppni

Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir og Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðingur:
Hvíslhorn

Hjörtur Freyr Sæland: Umsjón tæknimála

Guðjón Andri Reynisson: Umsjón með sjálfboðaliðum og kaffisnillingur

Daníel Ágúst Gautason: Fjölmiðlafulltrúi

Bjarni Heiðar Jóhannson: Snattari/bílstjóri

Sálmari: Hljómsveit

Undirbúningur

Landsmót ÆSKP var haldið á Selfossi dagana 20.-22. október 2017.

Undirbúningur fyrir landsmót hófst formlega á í marsmánuði 2017 þegar hluti landsmótsnefndar skundaði á Selfoss í fallegu vorveðri til þess að skoða aðstæður. Við mæltum okkur mót við sr.

Guðbjörgu Arnardóttur, sóknarprest

Selfosskirkju og sr. Ninnu Sif Svavarsdóttur,

prest ásamt æskulýðsfulltrúa Selfosskirkju,

Jóhönnu Ýr Jóhannsdóttur, sem jafnframt var í

landsmótsnefndinni, við fengum afar hlýlegar

móttökur og við fengum skýr skilaboð um að

Selfosskirkja og starfsfólk hennar vildi gera sitt allra besta til að aðstoða okkur

við undirbúning landsmóts. Við náðum að skoða kirkjuna og skólana og fara yfir

hvernig best væri að haga matarmálum fyrir landsmót, fara yfir hugmyndir yfir

dagskrárliði mótsins. Einnig þurftum við að ákveða hvaða þætti

umhverfisverndar við vildum leggja áherslu, því af nógu er að taka ! Það var líka

mikilvægt fyrir okkur að gera landsmótið sjálft eins umhverfisvænt og mögulegt

var. Til dæmis vildum við komast hjá því að nota einnota plastmál, diska og svo

framvegis. Þessi hugmynd reyndist smá krefjandi en ekki ómöguleg en við

teljum að nú verði ekki aftur snúið og vonandi verður landsmót héðan í frá

hugað í „grænum skrefum.“



Landsmótsnefnd hittist á vinnufundi á Selfossi fimmtudaginn 27. apríl. Á þeim fundi var farið af stað við að kortleggja móttsvæði, gistingu og annað sem kom að mótinu. Nefndin heimsótti Fsu, Vallaskóla, Íþróttahús Vallaskóla, Iðu og Sunnulækjarskóla. Nefndin fundaði einnig með

Braga Bjarnasyni menningar- og frístundarfulltrúa Árborgar sem tók vel á móti

nefndinni og tilkynnti að ÆSKP væri velkomið að halda (Ó)nýtt landsmót á Selfossi 2017.

Eftir nokkra fundi varð það á að Vallaskóli var nýttur undir gistingu og Iða íþróttahús Fsu nýtt sem móttsvæði fyrir dagskrá og matinn. Einnig var rými fyrir mótsnefnd í Iðu. Það reyndist mjög þægilegt að allir þátttakendur og leiðtogar gátu gíst í Vallaskóla sem er örstuttri göngufjarlægð frá íþróttahúsinu þar sem dagskrá mótsins fór að mestu leiti fram. Í Sundhöll Selfoss var sundlaugarparty á föstudagskvöldi og gátu mótsgestir nýtt sér að fara í sturtu og eða sund á meðan á mótinu stóð. Öll aðstaða sem ÆSKP nýtti á Selfossi var styrkur frá Árborg og því ekkert gjald greitt fyrir leigu á hússnæði né sunaðstöðu.

Nefndin fundaði einnig með Einari Björnssyni hjá EB hljóðkerfum sem gaf tilboð í mat og allt sem viðkom hljóði og ljósum á mótinu og var því tekið. Inn í tilboðinu frá EB hljóðkerfum var að sjá um morgunmatinn bæði laugardag og sunnudag, hádegismat á laugardeginum og hátíðarkvöldverð á laugardagskvöldinu. Morgunmaturinn var borin fram í Vallaskóla. Fólk var almennt mjög ánægt með matinn en hátíðarkvöldverðurinn á laugardagskvöldinu var sérstaklega veglegur. Landsmótsnefndin tók þá ákvörðun að bjóða upp á Dominos pizzur við komu þátttakenda á mótið á föstudagskvöldinu bæði til þess að koma í veg fyrir matarsóun en einnig til að draga úr kostnaði.

Landsmótsnefndin hafði það að markmiði að finna leiðir til að allir gætu notið landsmóts. Við vildum dekra aðeins við leiðtogana með því að bjóða upp á gott kaffi í leiðtogahorninu sem Guðjón Andri sá um að mala og hella upp á. Einnig vildum við reyna koma því þannig fyrir að þeir leiðtogar sem höfðu tök á því og vildu gátu gíst aðra nóttina í sérstöku leiðtogaherbergi til þess að fá betri hvíld.

Rútmál

Í ár varð breyting á skipulagi fyrri landsmóta, en hingað til hefur eitt fyrirtæki séð um allan akstur. Sá aðili gat ekki tekið að sér aksturinn að þessu sinni og því fór töluverð vinna í að leita tilboða og finna hagkvæmustu leiðina til að koma öllum þátttakendum á mótið. Í fyrstu leit út fyrir að kostnaðurinn myndi margfaldast en þegar upp var staðið kom þetta fyrirkomulag nokku vel út. En alls voru sex fyrirtæki sem sáu um akstur á landsmót.

Dagskráin

Dagskráin á föstudagskvöldinu var með hefðbundnum hætti. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir setti landsmót formlega. Frjálst tími og hið sí vinsæla sundlaugapartý var á sínum stað. Eftir morgunmat á laugardeginum var komið að fræðslunni og eftir hádegismat var notað fyrirkomulag „messy church“ sem byggist upp á nokkrum stöðvum sem þáttakendur gátu farið á milli að vild. Meðal stöðva voru m.a. búnir til fjölnota pokar úr gömlum bolum, falleg skilaboð skrifuð á steina sem svo síðar var dreift um bæinn, umhverfisvænar gjafapakkingar, myndbandshorn þar sem skoðuð voru myndbönd er varða umhverfisvernd, nokkrir skrifuðu bréf til sóknarnefnda í sinni sókn og sendu þeim skilaboð um að huga að umhverfismálum í sinni kirkju, nammileikur sem útskýrir misskiptingu gæða fólks í heiminum, svo eitthvað sé nefnt. Þátttakendur gátu staldrað við fáa eða marga staði eins og þeim hentaði og þetta fyrirkomulag kom vel út. Það var hreyfanleiki í salnum og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.



Rattleikurinn MIP Selfoss var næst á dagskrá þar sem þáttakendur gengu um bæinn í góðu veðri og leystu þrautir. Seinnipartinn var hæfileikakeppnin með sama sniði og hún var árinu áður. Hátíðarkvöldverðurinn á laugardagskvöldinu var sérstaklega



veglegur.

Sálmari

leiddi tónlistina á kvöldvökum bæði á föstudags og laugardagskvöldinu með stakri prýði ásamt því að leiða allan tónlistarflutning á mótin fyrir utan ballið á laugardagskvöldinu. En það var DJ Egill Spegill sem hitaði upp fyrir Hr. Hnetusmjör sem hélt uppi stuðinu á ballinu á laugardagskvöldinu.

Hvíslhornin voru á sínum stað bæði á föstudags- og laugardagskvöldunum sem Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir og Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðingur höfðu umsjón með.

Fræðslan

Fræðslan fór fram að morgni laugardags. Fræðslan fjallaði að sjálfsögðu um sköpunarverkið og umhverfismál. Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, formaður

ÆSKP sá um að skipuleggja fræðsluna og voru fjórir fyrirlesarar. Það voru sr. Eva Björk Valdimardóttir, Rakel Garðarsdóttir stofnandi samtakana Vakandi, sr. Arna Grétarsdóttir verkefnastjóri Lúthersársins og Katrín Magnúsdóttir verkefnastjóri hjá Landvernd. Eva Björk talaði út frá sköpunarsögunni og hvernig hún fjallar um samband Guðs, manns og sköpunarverksins. Samkvæmt sköpunarsögunni eigum við mennirnir að yrkja og gæta sköpunarverksins. Það þýðir að við erum samverkamenn Guðs í sköpuninni og eigum að skila því áfram til komandi kynslóða. Rakel talaði um umhverfisvandann og hvernig neysla okkar vesturlandabúa hefur áhrif á alla jörðina. Hún sýndi fram á hvernig við getum haft áhrif í okkar lífi með því að draga úr neyslu og matarsóun hvatti okkur til dáða. Arna Grétarsdóttir fræddi okkur um Lúther og siðbótina sem í ár er 500 ára og kynnti tesuverkefni sem unglíngarnir tóku svo þátt í í hópastarfinu. Katrín kynnti fyrir okkur grænánaverkefni Landverndar en æskulýðsfélög geta tekið þátt í því og þannig unnið að bættri umhverfismenningu í sinni kirkju.

Helgistundir voru í umsjón Arnórs Blomsterberg guðfræðings og æskulýðsfulltrúa Ástjarnarkirkju og sr. Sigríðar Rúnar Tryggvadóttur, sóknarprests á Seyðisfirði, á föstudags- og laugardagskvöldinu.

Messan á sunnudeginum leiddi sóknarprestur Selfoskirkju sr. Guðbjörg Arnardóttir en sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti prédikaði. Sálmari sá um tónlistarflutning. Veitt var fararblessun áður en allir stigu um borð í rúturnar á heimleið.

Sjálfbóðaliðahópur

Það voru 18 sjálfbóðaliðar á mótinu sem starfaði náið með landsmótsnefndinni undir stjórn Guðjóns Andra Reynissonar. Við þreytumst ekki að minnast á hvað sjálfbóðaliðarnir eru mikilvægir í undirbúningi og framkvæmd landsmóts á hverju ári. Þetta er hópur ungmenna sem leggur á sig erfiða og óeigingjarna vinnu á hverju ári til þess að landsmót geti orðið að veruleika.

Gisting

Þáttakendur og leiðtogar gistu í Vallaskóla á Selfossi. Hljómsveitin Sálmari gisti á Baðstofulofti í Selfoskirkju. Landsmótsnefnd gisti í Annalyn Guesthouse á Selfossi. Sjálfbóðaliðar gistu einnig í Vallarskóla.

Miðlun mótsins

Sendar voru fréttir um landsmótið á staðar fréttamiðlana Dagskrána og sunnlenska.is. Landsmót vakti víða athygli í en Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir fór í viðtal á Sunnlenska FM til að kynna landsmót, fyrir hvað það stendur og hvernig það fór fram.

Daníel Ágúst Gautason var fjölmiðlafulltrúi mótsins og var afar afkastamikill myndasmiður en myndunum dældi hann samviskusamlega út á samfélagsmiðla. Það var fátt sem fór framhjá honum og flest var skjalfest á snjallsíma og miðlað nær samstundis á instagram AESKTH og á facebooksíðu Landsmóts ÆSKR.

Allir sem við töluðum við tóku vel á móti okkur varðandi undirbúning landsmóts. Meðal þeirra sem styrktu mótið með einum eða öðrum þætti voru HP kökugerð, Guðnabakarí, Almar bakarí, Sóknarnefnd Selfosskirkju, Coca-Cola European Partners á Íslandi ehf ásamt fjölmörgum sjálfböðaliðum sem komu að mótinu. Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóri ÆSKR veitti landsmótsnefndinni mikinn stuðning og var boðin og búinn að aðstoða eins og hann gat. Við viljum þakka



honum kærlega fyrir stuðninginn og aðstoðina. Viðmót starfsfólks í stofnunum sveitafélagsins Árborgar var

einstakt sem gerði undirbúning landsmóts auðveldari á allan hátt. Einnig viljum við þakka nágrannasveitafélaginu Hveragerðisbæ sérstaklega fyrir að styrkja okkur um tunnur fyrir lífrænan úrgang sem

úr verður molta. Við fengum tunnurnar að kostnaðarlausu og fengum að skila þeim á sunnudeginum eftir mótið. Þeirra framtak í þágu landsmóts gerði það að verkum að við gátum tekið umhverfisþema landsmóts alla leið í orði og á borði.

Landsmótsstjórar og landsmótsnefndin unnu ótrúlega vel saman sem ein heild. Hver og ein einasta manneskja í nefndinni var ómissandi. Allir höfðu sín verkefni og hlutverk en á sama tíma gengu allir í þau verk sem þurfti að vinna. Það er ógleymanlegt og alls ekki sjálfgefið að vinna með hóp af fólki sem vinnur eins og vel smurð vél að gera svona mót mögulegt. Það er yndislegt að halda landsmót á Selfossi. Þar er öll aðstoða til fyrirmyndar og mikill velvilji samfélagsins að gera vel við okkur. Bestu þakkir fyrir okkur og sjáumst á Egilsstöðum 2018 !

Landsmótsstjórar; Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, æskulýðsfulltrúi.

